

Rannsóknir og þróun Stefna Vegagerðarinnar í rannsóknum 2005-2009

Hreinn Haraldsson, Ásdís Guðmundsdóttir

Vegagerðin

Meginmarkmið með rannsóknum og þróun hjá Vegagerðinni er að skapa nýja þekkingu og afla nýrra gagna, þannig að íslenska vegakerfið geti orðið skilvirkara, öruggara og hagkvæmara í byggingu og rekstri og veita betri þjónustu við vegfarendur með auknu umferðaröryggi.

Vegagerðin vinnur að því að setja fram stefnu fyrir rannsókn- og þróunarstarf það sem fjármagnað er að hluta eða öllu leyti úr rannsóknasjóði Vegagerðarinnar. Samkvæmt lögum frá árinu 1994 skal 1% af mörkuðum tekjum Vegagerðarinnar renna til rannsókna. Rannsóknaflokkar hafa verið nokkrir og umsóknir að mestu leyti “frjálsar” þar sem umsækjandi sækir um styrk til ákveðinna verkefna, sem skilgreind eru af umsækjandanum. Nokkuð hefur verið um það að Vegagerðin hefur komið fram með óskir um ákveðin rannsóknarefni og ýmist fengið utanaðkomandi aðila til að vinna þær rannsóknir eða þær verið unnar undir stjórn sérfræðinga Vegagerðarinnar. Verkefni hafa verið allt að 100 á ári, bæði stór og smá. Rannsóknirnar eru ýmist unnar innan Vegagerðarinnar, af háskólum, rannsóknarstofnunum, ráðgjöfum, einstaklingum, eða öðrum stofnunum.

Hugmyndin er, að umtalsverður hluti þess fjármagns sem er til ráðstöfunar á hverju ári fari til verkefna sem Vegagerðin skilgreinir kerfisbundið fyrirfram og fær ráðgjafa til að vinna, í stað þess að hugmyndir að nýjum rannsóknum verði í flestum tilfellum til hjá þeim sem síðan vinna verkefni. Þessi aðferðafræði við skipulag rannsóknarstarfs er oft kölluð “top down”, þar sem fjármögnunaraðilinn eða “eigandi vandamálsins” skilgreinir verkefni til úrlausnar. Sú aðferð sem hefur fyrst og fremst verið stuðst við hingað til kallast “bottom up”, þegar sá sem vinnur verkefni skilgreinir þau sjálfur í upphafi. Ekki er gert ráð fyrir að þeirri síðarnefndu verði kastað fyrir róða, enda mikilvægt að þeir sem vinna að vísinda- og þróunarstarfi fái líka tækifæri til að leggja fram hugmyndir að verkefnum til úrlausnar.

Rannsóknarstefna byggir einkum á markmiðum Vegagerðarinnar, og á markmiðum sem Alþingi hefur samþykkt í samgönguáætlun, en einnig verður litið til nýrrar stefnumótunar sem nú er unnið að í Evrópu.

Til að einfalda rammann utan um rannsóknarstarfið og gera stjórnun skilvirkari, var rannsóknarflokkum fækkað og eru þeir nú skv. eftirfarandi:

- Mannvirki (Infrastructure). Rannsóknir sem snúa að veginum sjálfum og því sem honum tilheyrir eins og brýr og jarðgöng, s.s. hönnun, framkvæmdir, o.þ.h.
- Umferð (Traffic). Rannsóknir sem snúa að vegarumferð, s.s. öryggi vegfarenda, þjónusta, umferðarstjórnun, upplýsingar til vegfarenda o.þ.h.
- Umhverfi (Environment). Rannsóknir sem snúa að ytra umhverfi vegarins, s.s. umhverfisáhrifum, veðurfari, náttúruvá, o.þ.h.
- Samfélag (Society). Rannsóknir sem snúa að samfélaginu í víðara samhengi en hinir flokkarnir, s.s. rannsóknir á samfélagslegum áhrifum samgangna, arðsemi, kostnaði, flutningum, hreyfanleika o.þ.h.

Innan Vegagerðarinnar er mikil reynsla og þekking á rannsóknarstarfi, og var starfið við mótun rannsóknarstefnunnar miðað við að nýta þessa þekkingu sem best. Þess utan er einnig til mikil þekking innan stofnunarinnar á því hver eru helstu vandamálín í hefðbundinni starfsemi, og mikilvægt að ábendingar um slíkt rati inn í stefnumótunavinnuna. Í hverjum rannsóknarflokki var stofnaður vinnuhópur sem hafði það hlutverk að vinna að undirbúningi að stefnumótun. Vinnuhóparnir greindu þarfir í viðkomandi flokki og forgangsróðuðu. Einnig var leitað til einstakra svæða og umdæma eftir hugmyndum (og er ennþá eftir að ljúka því samráði). Spurt var hvar helst skorti nýja þekkingu, hvar þarf að bæta starfsaðferðir, hvaða vinnulag sem viðhaft er erlendis eða tækjabúnað væri æskilegt að prófa héraendis, og svo framvegis.